

Hefti 10 Leikur Saga


Viktoría og Edda eru að tala saman.

„Hvað finnst þér gaman að gera? spyr Viktoría Eddu.



„Mér finnst gaman að sippa, fara á línuskauta, hoppa í París og bara alls konar.“ segir Edda. „En hvað finnst þér gaman að gera?“ spyr Edda Viktoríu.

„Mér finnst gaman að hoppa í París, leika í leikjatölvu og byggja úr kubbum.“ segir Viktoría.



„Eigum við þá að koma að hoppa í París?“ spyr Edda Viktoríu.


„Já gerum það“ segir Viktoría.

Og Viktoría og Edda fara út að hoppa í París.

Hefti 10 Leikur Saga

Óli og Tumi eru að tala saman.

„Hvað eigum við að gera?“ spyr Óli Tuma.



„Eigum við að fara á hjólabretti?“ spyr Tumi.

„Já, gerum það. En hvar eigum við að fara á hjólabretti?“ spyr Óli Tuma.

„Bara út á stétt.“ segir Tumi.

„Já það er bara fínt“ segir Óli.



Og Óli og Tumi fara út og leika sér á hjólabretti.

Hvað finnst þér gaman að gera?.....